



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 30

Ágúst 1990

### HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð í Jökulheima verður farin helgina 7. - 9. september 1990. Lagt verður af stað á föstudagskvöldi kl 20:00 frá Guðmundi Jónassyni H.F. við Borgartún. Komið verður aftur í bæinn á sunnudagskvöldi.

Pátttaka tilkynnist til Stefáns Bjarnasonar sími 37392 eða Ástvalds Guðmundssonar vinnusími 686312.

## VORFERÐ JÖRFI 1990

Árleg rannsókniferð JÖRFI var farin til Grímsvatna dagana 9. -16. júní. Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð vatnsborðs Grímsvatna var mæld í borholu. Hinn 12. júní s.l. mældist hún 1434 m y.s. Vatnsborðið hefur því risið um 13 m á s.l. ári og náð 5 m hærra en við upphaf Grímsvatnahlaups árið 1986. Hæsta staða sem mælt hefur við upphaf hlaups er 1445 m árið 1982. Þeirri hæð myndu Vötnin ná næsta vor ef ekki hleypur. Hlaups má því vænta í hvaða mánuði sem er næsta árið.
2. Landmælt var 10 km langt snið norðaustur úr Vötnunum. Stefnt er að því að endurmæla sniðið að loknu næsta hlaupi til þess að kanna áhrif hlaups á ísskrið inn að Vötnunum.
3. Vetrarafkoma var mæld á miðri íshellunni og reyndist 4.40 m (af snjó), sem er nálægt meðallagi.
4. Borað var með heitu þrýstivatni gegnum íshelluna í þeim tilgangi að mæla hitastig í vatninu undir henni og ná vatnssýnum til þess að kanna hvernig blanda af jarðhitavatni og bræðsluvatni er í Vötnunum. Skammt norðan við gosstöðvarnar frá 1983 reyndist þykkt íshellunnar vera 110 m og um 125 m niður á botn. Á miðri íshellunni er hún hins vegar um 250 m þykk. Sýnatökutæki reyndist ekki vatnsþétt. Kapp verður nú lagt á að ná fullum árangri við þetta verk.
5. Háabunga og svæðið milli hennar, Þórðarhyrnu og Pálsfjalls var mælt með íssjá. Þannig fæst mikilvæg viðbót við kort af vestanverðum Vatnajökli.
6. Ný rafstöð var sett í gamla skálann og kemur hún í stað þeirrar sem staðið hefur vestan við skálann.
7. Kojur voru rifnar úr gamla skálanum og nýjar smíðaðar. Stefnt er að því að ljúka viðgerð á skálanum seinna í sumar.
8. Gissur Símonarson setti upp fullhannað gufubað við Saltarann. Um það má segja eins og önnur snilldarverk að enginn skilur hvernig menn komust af án þess.
9. Í tengslum við vorferðina var farið með fúavarnarefni til Kverkfjalla og á Goðahnjúka. Borið var á skálann í Kverkfjöllum, en snjór mokaður frá Goðahnjúkaskálanum og stefnt að því að bera á hann seinna í sumar.

Landsvirkjun lagði að vanda til snjóbíll og meiðhýsi og Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík brást mjög vel við og lagði á síðustu stundu til snjóbíll og tvo vélsleða. Er nú orðið brýnt að finna varanlega lausn á bílamálum í rannsóknarferðum félagsins. Jökullinn skartaði ekki sínu fegursta heldur, þoku, sudda, snjókomu og rigningu, en enginn súðaði það. \HB.

## FRÁ SKÁLANEFND

Í vorferð JÖRFI voru gerðar ýmsar endurbætur á skálum félagsins á Grímsfjalli eftir því sem tími gafst til frá öðrum störfum. Hvað snerti gamla skálann voru honum gerð eftirfarandi skil: Allar kojur voru fjarlægðar. Dýnurnar úr þeim og ýmiskonar rusli var brennt. Þá var gengið frá rafstöð og hitalögn undir neðri kojunum. Neðri kojunum var síðan komið upp aftur og sett loftræstireнна við súðina með fram þeim. Rúma neðri kojurnar nú þrjá hver eða níu manns alls.

Til stóð að skipta um gólfklæðningu en við nánari athugun kom í ljós að einungis þarf að slípa gólfíð og lakka það. Enginn fúi eða aðrar skemmdir voru sjáanlegar á gólfinu.

Hitaveiturírið var einangrað frá holunni að skálanum. Þá var borið á skálann að utan. Virðist svo sem skipta þurfi um listana sem eru yfir plötusamskeytunum að utan.

Farið var í Kverkfjöll og skálinn þar fékk tilheyrandi meðferð í formi áburðar að utan. Einnig fóru fjórir skátar þeir Alexander Ingimarsson, Andrés Þór Bridde, Magnús Dan Bárðarson og Guðmundur Ingi Haraldsson austur á Goðahnjúka með áburð á skálann þar, en ekki viðraði til framkvæmda. Það efni sem þar er ætti að duga í einar átta yfirferðir á skálann, á gluggana, listana, veggina og þakið.

Um helgina 20. - 22. júlí fóru Hannes Haraldsson, Sverrir Hilmarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Marteinn Jónsson, Jón Ísdal, Halldór Gíslason, Arnar Ástvaldsson og Gunnar Þór Gunnarsson upp á Grímsfjall til framhaldssmiða í gamla skálanum. Skipt var um báða gaffluggana, en í þeim eru nú tvær opnanlegar grindur í hvorum glugga, en enginn opnanlegur gluggi var áður á skálanum. Einnig voru settir nýir hlerar fyrir gluggana. Tvisvar sinnum var borið á skálann að utan.

Innan dyra voru ekki heldur slegin vindhögginn. Efri koja var sett upp langs eftir skálanum, 70 sm breið og tæpir 6 m á lengd, legurúm fyrir þrjá. Í NA horn skálans, þar sem áður voru kojur fyrir 4, var komið fyrir borði og bekkjum.

Kabisan var tekin úr sambandi og fjarlægð. Ekki er þörf fyrir hana lengur, þar sem kominn er hiti í skálann frá hitaveitu og eldamennska fer eingöngu fram yfir gasi. Ákveðið var að slípa gljáann af krossviðnum inni í skálanum við fyrsta tækifæri og mála hann síðan í ljósum lit.

Nýja skálanum voru einig gerð skil svo sem þurfa þótti. Borið var á hann allan að utan nema gluggana. Skipt var um rúðu sem hafði brotnað í eldhúsglugganum. Þá var pallurinn norðan við skálann lagfærður, en svo virðist sem ekið hefði verið yfir hann. Úr hitarörinu sem gengur inn í skálann að austanverðu hefur gufu lagt á austurgafflinn. Var það lagfært svo gufuna leggur frá skálanum.\SB

## ÁRSHÁTÍÐ.

Fjörtíu ára afmælishátíð félagsins verður haldin í Átthagasal Hótel Sögu laugardaginn 3. nóvember næstkomandi. Nánar auglýst síðar í fréttabréfi.